

## Nefndasvið alþingis

### Efnahags- og viðskiptanefnd Þingmálsnúmer 123

Sent á: umsagnargátt alþingis

Reykjavík 19. mars. 2025

#### Frumvarp til laga vegna kílómetragjalds

Landvernd hefur kynnt sér frumvarpið og vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum. Í frumvarpinu kemur fram bls. 29 sem er *meginefni frumvarpsins, felur í sér að öll veganotkun verði skattlögð miðað við notkun í stað þess að vera skattlögð miðað við eyðslu.*

Landvernd minna á að árangur í samdrætti kolefnislosunar vegna tækniþróunar hefur einmitt verið vegna hreinorkubifreiða. Landvernd telur því að skapa verði hvata til að halda þeirri þróun áfram en Ísland hefur dregist aftur úr viðmiðunarþjóðum. Þegar fremur hátt kílómetragjald var sett á rafbíla í fyrsta skipti, má segja að algjört hrun hafi orðið í innflutningi á rafbílum. Ísland hefur hrapað úr 2. sæti í innleiðingu hreinorkubíla niður í 18. sæti á aðeins tveimur árum.

Ef standa á við markmið um stöðvun innflutnings á jarðefnaeldsneytisbílum frá og með 2030 eða fyrr hlýtur að þurfa að innleiða það smátt og smátt, einmitt með hvötum og lötum. Ef heldur sem horfir mun áframhaldandi innflutningur á bifreiðum sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti ekki dragast saman eins og brýn þörf er á.

Í annan stað þurfa stjórnvöld að beina meira af landflutningum á sjó og þá aðra vöru en svokallaða dagvöru. Slíkt fyrirkomulag væri án vafa langstærsta einstaka aðgerðin við að minnka slit og gríðarlegan viðhaldskostnað á þjóðvegum landsins, fækka slysum sem og ekki síst minnka útblástursmengun og aðra mengun sem stafar af þungaflutningabílum. Vegir landsins eru þegar ofsetnir af þungaflutningabílum.

Hætt er við því að eldsneytisnotkun aukist verði frumvarpið að veruleika. Margar rannsóknir sýna fram á að þegar verslað er með kredit korti eyðir neytandi hærri fjárhæðum. Að sama skapi gæti það hæglega aukið eldsneytisnotkun og þar með kolefnisútblástur þegar gjöld vegna notkunar bíla greiðast seinna og verð á dælu lækkar.

#### Greiðslur vegna bifreiða ferðamanna.

Eftirfarandi kemur fram á bls. 46 „Sé ökutæki lengur en 30 daga samfelld hér á landi skal gjaldskyldur aðili greiða kílómetragjald“ Landvernd hefur áhyggjur af því að ekki kemur fram hve stór hluti ferðamanna sem kemur með ferju, sé skemur en 30 daga og greiði þá ekki sérstakt gjald. Hér skortir rökstuðning og frekari greiningu á kostnaði og ábata af því að innheimta fyrir skemmri tíma.

Raunar vantar frekari greiningar á fleiri þáttum eins og fram kemur í áliti Loftslagsráðs þar sem stendur:

*„Að mati Loftslagsráðs skortir enn á heildstæða stefnu og aðgerðaráætlun hvað varðar samdrátt í losun frá vegasamgöngum sem og mat á samleggðaráhrifum aðgerða. Nýlegt dæmi um skort á fyrirsjáanleika og heildstæðu mati voru breytingar á hagrænum stjórnækjum bæði hvað varðar kaup og rekstur ökutækja.“*

Ekki virðist hafa farið fram mat á samleggðaráhrifum frumvarpsins við viðeigandi þætti líkt og losun gróðurhúsalofttegunda. Landvernd leggur til að frumvarpið verði dregið til baka og lagt fram að nýju þegar slíkt mat hefur farið fram.

*Virðingarfyllst*

*F.h. Landverndar*

*Þorgerður María Þorbjarnadóttir*